

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
sent á netf. nefndasvid@althingi.is

Skaftárhreppi, 14. febrúar 2024

Varðar: 26. mál; frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (stærðarviðmið virkjana).

Stjórn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi hefur farið yfir framangreint þingskjal, er varðar stærðarviðmið virkjana til mats í rammaáætlun. Eldvötn fagna frumvarpinu af heilum hug og þakka flutningsmönnum þess fyrir frumkvæðið, sem og skýra greinargerð. Samtökin taka undir hana, og hafa í raun litlu við að bæta.

Mikill meinbugur er á því fyrirkomulagi sem verið hefur; að undanskilja „smá“virkjanir undir 10 MW faglegri úttekt og röðun í rammaáætlun, svo sem rakið er í greinargerðinni – og sorglega mörg dæmi eru tiltæk til stuðnings. Af þeim virkjanaáformum sem útlistuð eru hafa samtökin, eðli málsins samkvæmt, mest látið sig Hnútuvirksjun í Hverfisfljóti varða. Hugmyndir landeiganda að virksjun þar hafa gegnum tíðina rokkað frá 2,5 MW upp í 40 MW og síðustu ár verið unnið að 9,3 MW útfærslu – en inngripið í náttúruna er gegnumgangandi af sömu stærðargráðu. Eldvötn hafa lengi bent á óraunhæfi hinna 10 MW marka til mats í rammaáætlun, þ.e. umhverfisáhrif virkjana mælast alls ekki í megavöttum.

Eldvötn benda á að hið núverandi fyrirkomulag er enn bagalegra fyrir þær sakir að ef hugur sveitarstjórnarmeirihluta hefur staðið til framkvæmdanna – svo sem raunin hefur verið í tilfalli Hnútuvirksjunar – hefur ekkert getað stöðvað slíka fyrirætlun fyrr en útgáfa framkvæmdaleyfis hefur átt sér stað, en þá fyrst hefur myndast kærumöguleiki. Fram að þeim tímamarki hefur mat á umhverfisáhrifum – þrátt fyrir afgerandi álit Skipulagsstofnunar um verulega neikvæð umhverfisáhrif – ekki getað stoppað áformin, en sveitarstjórnarmeirihlutinn áfram getað veitt þeim brautargengi. Þetta telja Eldvötn umhugsunarvert á tímum þegar hamrað er á nauðsyn einföldunar regluverks. Framkvæmdir sem jafnvel hefðu aldrei raðast í nýtingarflokk rammaáætlunar hafa getað velkst árum eða jafnvel áratugum saman í kerfinu með tilheyrandi kostnaði, sem og sundrað samfélögum.

Að þessu sögðu hvetur stjórn Eldvatna Alþingismenn til að samþykkja umrætt frumvarp.

F.h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Ingibjörg Eiríksdóttir
formaður